

Borgarráð

Efni: Fyrirspurn um kostnað við útsendingu greiðsluseðla

Á fundi borgarráðs þann 3. maí 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um kostnað við útsendingu greiðsluseðla.

Hver er kostnaðurinn árlega við að senda út greiðsluseðla frá bæði stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar?

Svar við fyrirspurninni:

Fjármálaskrifstofa hefur á síðustu 10 árum markvisst unnið að því að innleiða rafræna stjórnsýslu og rafræna viðskiptahætti frá árinu 2009 m.a. til að draga úr kostnaði við útsendingar og pappírnotkun og sem hluta af grænum skrefum.

Rafrænir reikningar frá birgjum: Mikil áhersla hefur verið lögð á að taka við reikningum rafrænt frá birgjum. Meðfylgjandi tafla lýsir vel þeim árangri sem þar hefur náðst. Á árinu 2017 voru um 63% móttækinnir birgjareikninga með rafrænum hætti og fyrst og fremst smærri birgjar og minni fyrirtæki, ekki síst verktakar, sem enn senda reikninga í pappírformi. Rafrænir birgjareikningar í Aðalsjóði voru um 70% á árinu 2017.

Hlutfall rafrænna birgjareikninga	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Samtals utanaðkomandi birgja reikningar	213.090	236.350	245.668	199.868	211.671	218.268	224.684	231.078	245.556	253.749	246.560	249.489
Rafrænir birgjareikningar (SPAN og UBL)	20.488	22.379	21.964	22.096	27.627	53.663	76.503	83.380	103.936	140.310	147.201	151.106
Handvirkir skannaðir birgjareikningar (R2-RS)	192.602	213.971	223.704	177.772	184.044	164.605	148.181	147.698	141.620	113.439	99.359	98.383
Hlutfall rafrænna birgjareikninga	9,6%	9,5%	8,9%	11,1%	13,1%	24,6%	34,0%	36,1%	42,3%	55,3%	59,7%	60,6%
Rafrænir birgjareikn. og rafr. innri reikn. alls	20.488	22.379	21.964	22.096	27.627	54.604	89.801	98.933	120.106	157.149	164.410	168.293
Hlutfall rafrænna reikninga með innri reikn.	9,6%	9,5%	8,9%	11,1%	13,1%	24,9%	37,7%	40,1%	45,9%	58,1%	62,3%	63,1%

Rafrænir reikningar til lögaðila: Frá 2011 geta öll fyrirtæki fengið reikninga á rafrænu formi frá Reykjavíkurborg en þau þurfa að óska eftir því þar sem tengingar við skemtamiðlara þurfa að vera til staðar hjá þeim. Borgin getur ekki þvingað fyrirtæki til að taka við rafrænum reikningum. En þeim fyrirtækjum fjölgar stöðugt sem vilja fá rafræna reikninga. Flest fyrirtæki vilja enn fá reikninga á pappír vegna fasteignagjalda.

Rafrænir reikningar til íbúa: Kröfur á einstaklinga eru einkum vegna fasteignagjalda, fasteignaskatta og lóðarleigu, og veittrar þjónustu. Borgin sendir enn út álagningarseðla vegna fasteignagjalda á pappír en innheimtan er að færast aðallega í rafrænt form þótt innheimtuseðlar séu enn sendir á eldri borgara og þá sem óska þess sérstaklega. Í skoðun er hjá fjármálaskrifstofu hvort það samræmist lögum og innheimtulegum að fara með álagningu og innheimtu alfarið í rafrænt form. Kostnaður vegna þessa á árinu 2017 sést í línunni FMS (skattinnheimta) og var um 13,3 mkr.

Langflestir sem fá þjónustu hjá borginni vilja og fá innheimtuseðla með rafrænum hætti og geta greitt gjöld sín í heimabanka. Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda greiðsluseðla sem sendir eru út frá borginni á árinu 2017 og kostnað vegna þeirra, þ.e. prentun, pökkun og dreifing. Þeir sem fá þjónustu hjá ÍTR, SFS og VEL skipta þúsundum í hverjum mánuði svo það er ljóst að langflestir fá kröfur sendar rafrænt og greiða þær rafrænt.



Svið	Fjöldi greiðsluseðla 2017	Einingaverð: Prentun, pökkun og dreifing 2018	Samtals kostnaður við að senda út greiðsluseðla á ári m.v. árið 2018
SEA (Eignasjóður)	1.290	126,4	163.056
USK (Eignasjóður)	1	126,4	126
ÍTR	375	126,4	47.400
MOF	325	126,4	41.080
Miðlæg stjórnarsýsla	112	126,4	14.157
SFS	4.269	126,4	539.602
FMS (skattinheimta)	105.126	126,4	13.287.926
USK	1.929	126,4	243.826
VEL	32.105	126,4	4.058.072
Sameiginl kostn	1	126,4	126
Samtals	145.533	126,4	18.395.371

Launaseðlar starfsmanna: Þá má til upplýsingar bæta því við að Reykjavíkurborg er hætt að senda starfsmönnum mánaðarlega launaseðla nema að sérstaklega óskað eftir því sem er í undantekningartilvikum. Um 150 starfsmenn fengu senda launaseðla mánaðarlega á árinu 2017. Nokkurn veginn sami fjöldi fékk senda launamiða vegna launa á árinu 2017.

Launamiðar verktaka: Launamiðar verktaka vegna ársins 2017 voru einungis sendir á rafrænu formi.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri